

Truenorth ehf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 11. október 2019
UST201909-187/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Reykjanesfólkvangur

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth ehf., dagsett 17. september 2019, um leyfi fyrir kvikmyndatöku ásamt utanvega akstri innan Reykjanesfólkvangs og við Hekalurætur. Að fengnum viðbótarupplýsingum verður sama umsókn afgreidd hvað varðar Hekalurætur.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir kvikmyndatöku ásamt utanvega akstri innan Reykjanesfólkvangs. Til að koma leikmyndum, tækjabílum og aðstöðu fyrir starfsfólk á staðinn þarf að laga slóða á svæðinu. Stefnt er á að hefla 700 metra kafla af slóðanum en ekki er gert ráð fyrir efnistöku né að borið verði efni í slóðann. Leikmyndir koma í gámum og verða settar upp á staðnum. Allur búnaður og bílar með aðstöðu fyrir tókulið verður staðsett á tókustað. Fjöldi starfsfólks sem mun koma að verkefninu verða í kringum 100 manns. Undirbúningur byrjar um miðjan október og stefnt er á að tókum ljúki um lok nóvember. Slóðin verður lagaður og komið í fyrra horf eftir að tókum hefur lokið. Einnig verð öll hjólför afmáð af svæðinu. Stefnt er á að frágangur verði búinn fyrir miðjan desember.

Áætlað er að frágangur eftir tókur standi í 2 – 3 vikur. Eftir að tókum hefur lokið verða bæði svæðin slóðadregin og/eða rökuð burt hjólför og gengið frá því svo engin ummerki um utanvegaastur hafi átt sér stað. Öll sviðsmynd verður fjarlægð og allt rusl komið í endurvinnslu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni hafa neikvæð áhrif á náttúrulegt umhverfi í Reykjanesfólkvangi tímabundið. Áhrifin eru þó afturkræf. Slóðinn sem aka á eftir gæti verið

erfiður til aksturs á aurbleytutíma. Gestir svæðisins verða fyrir einhverri truflun á meðan tókum stendur.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth ehf., fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan í haustið 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun og útskýrir að tókur standa yfir tímabundið.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utanvegaaksturs þá fer Umhverfisstofnun fram á að þess verði getið í framsetningu v. myndarinnar að akstur utan vega sé óheimill á Íslandi nema sérstök heimild eða leyfi komi til frá Umhverfisstofnun.
- Einungis skal aka utan vegar innan skilgreinds svæðis sem kemur fram í umsókn. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Til að draga úr áhrifum á viðkvæm gróðursvæði og jarðmyndandir í Reykjanesfólkvangi skal halda tókustað og aðstöðunni fyrir starfsfólkið á afmörkuðu svæði og eins þétt og hægt er.
- Einungis skal ekið á ógrónu svæði.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður annar en leyfið segir til um.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt óþarfa rask með að halda sig innan tókusvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan hins friðlýsta svæðis.
- Takmarka skal eins og hægt er fjölda bíla sem fara um slóðana.
- Mikilvægt er að sýna varkárni og taka tillit til umhverfisaðstæðna.
- Óheimilt er að bera efni í vegslóðana.
- Ganga skal frá vegslóða eftir að tókum ljúka og afmá hjólför.
- Raka skal svæði þar sem gróðurþekja er, annað svæði má slóðadraga.
- Frágangur á svæðinu skal lokið fyrir 10. desember 2019

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar varð umfangsmeiri en gert er ráð fyrir í grunngjaldi. Í gjaldskrá er gert ráð fyrir að vinna við afgreiðslu umsóknar um leyfi til kvikmyndatöku á friðlýstu svæði sé 4 klukkustundir. Vinna við afgreiðslu umsóknarinnar mun vera samtals 10 tímar. Stofnunin áformar að gefa út reikning fyrir þessa umframvinnu, þ.e. fyrir 6 klukkustundir á 13.200 hver klukkustund. Umhverfisstofnun áformar því, á grundvelli 3. mgr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, að innheimta samtals **131.800 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri



René Biasone
sérfræðingur